



Grænfánapema árið 2013

Landslag

Nú er komið að því að sækja um Grænfánann í sjötta sinn og verður þema vorsins ýmis verkefni í tengslum við *landslag*.

Markmiðið með verkefnavinnunni á Norðurbergi er fyrst og fremst að halda í Grænfánann en í öðru lagi að rannsaka hugtakið landslag og hvaða merkingu það hefur í hugum barnanna!!

Þemað verður unnið frá febrúar til maí en þá óskum við eftir því að leikskólinn verði tekinn út fyrir afhendingu á fána.

Leiðir:

Elstu deildirnar, Álfasteinn, Tröllagil og Lundur ætla að nota könnunaraðferðina í upphafi verkefnisins. Aðferðin gengur út á það, að ákveðið þema í okkar tilfelli landslag, er tekið fyrir og rannsakað ítarlega út frá

áhuga barnanna. Þessi nálgun gerir börnum kleift að byggja upp þekkingu án beinnar kennslu. Hlutverk kennarans er að skipuleggja og leiða verkefnið áfram á forsendum barnanna. Hann þarf að vera vakandi fyrir spurningum, ræða þær hugmyndir sem koma upp og setja fram tilgátu um það sem verið er að athuga. Kennarinn þarf sem sagt að leiða verkefnið, hvetja börnin áfram, styðja þau og fá þau til að nýta þá þekkingu sem þau búa yfir. Einnig verður unnið með hugtök, útvíst, lesið, myndir skoðaðar, landslagsmyndlist skoðuð, teiknað, málað og mótað!!

Yngri deildirnar, Birkibóli og Klettaborg, nálgast verkefnið á annan hátt!! Fara í göngutúra, farið að Ásfjalli, skoða myndir, taka myndir, upplifa ný hugtök og njóta þess að upplifa það sem verður á vegi þeirra!!

Vikan 26. febrúar - 1. mars verður myndlistarvika þar sem einbeitingin verður fyrst og fremst í myndsköpun með landslag sem meginþema og hvatill!